



Fundargerð

375. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps
fimmtudaginn 15. desember 2014 kl. 16.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Karl Kristjánsson (KK) oddviti, Vilberg Þráinsson (VP), Áslaug Berta Guttormsdóttir (ÁBG), Ágúst Már Gröndal (ÁMG) og Sandra Rún Björnsdóttir (SRB). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er fimm blaðsíður

Oddviti bauð fólk velkomið og leitaði afbrigða að taka 3 mál á dagskrá undir liðnum önnur mál, var það samþykkt, þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Fundargerðir

- 1. 373. og 374. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps haldnir 13. nóvember og 4. desember 2014.**

Farið yfir fundargerðirnar og þær samþykktar samhljóða.

- 2. Umhverfis- og náttúruverndarnefnd 2. desember 2014.**

Farið yfir fundargerðina.

2.1 1411016 – Bætt umhverfi á Reykhólum, kaup á ruslatunnum.
Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar.

Fundargerðin samþykkt í heild sinni.

- 3. Mennta- og menningamálanefnd 4. desember 2014.**

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

- 4. Stjórn Barmahlíðar 8. desember 2014.**

Farið yfir fundargerðina.

4.1 Fæðiskostnaður starfsmanna í Barmahlíð.
Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar.

Fundargerðin samþykkt í heild sinni.

Mál til afgreiðslu

- 1. 1412001 – Fjárhagsáætlun Reykhólahrepps 2015-2018, síðari umræða.**

1.1. Íprótta- og tómstundakort, erindi frá Ágústi Má Gröndal, mótttekið 4. des 2014.

Sveitarstjórn samþykkir að vísa erindinu í frekari vinnslu í mennta- og menningarmálanefnd.

- 1.2. Viðhald og endurnýjun á minnismerkinu um Jón Thoroddsen, erindi frá Ágústi Má Gröndal, móttakið 4. des. 2014.

Samþykkt að gera AMG að ábyrgðamanni verksins, þá er samþykkt að leggja 100 þús. kr. í viðhald á verkinu á árinu 2015. Samþykkt samhljóða.

Fjárhagsáætlun Reykhólahrepps 2015-2018 lögð fram til síðari umræðu. Áætlunin fyrir árið 2015 gerir ráð fyrir jákvæðri afkomu sem nemur tæpum 8 millj. kr. Gert er ráð fyrir rekstrartekjum að upphæð 403,1 millj. kr. og rekstrargjöldum að upphæð 390,7 millj. kr., fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru 4,46 millj. kr.

Áætlunin gerir ráð fyrir auknum skatttekjum árið 2015, en að auki talsverðum launa- hækkunum skv. kjarasamningum. Gert er ráð fyrir framkvæmdum að upphæð 23,3 millj. kr., þar ber hæst skólalóð við Reykhólaskóla. Fjárhagsáætlun Reykhólahrepps fyrir árið 2015 samþykkt samhljóða, þriggja ára áætlun 2016-2018 samþykkt samhljóða.

2. 1412008 – Styrkumsóknir vegna ársins 2015.

- 2.1. Umsókn um styrk til Eldvarnarátaksins, erindi dagsett 1. des. 2014.

Umsókninni hafnað. Samþykkt samhljóða.

- 2.2. Stuðningur við Snorraverkefnið, erindi dags. 17. nóv. 2014.

Umsókninni hafnað. Samþykkt samhljóða.

- 2.3. Tónmennta- og tónlistakennari, organisti, kórstjóri, erindi dags. 8. des. 2014.

Erindinu vísað til umræðu í mennta- og menningarmálanefnd. Samþykkt samhljóða.

VP vék af fundi.

- 2.4. Umsókn um styrk til Ungmennafélagsins Aftureldingar, erindi dags. 5. des. 2014.

Samþykkt að veita Ungmennafélaginu Aftureldingu styrk að upphæð 200 þús. kr. árið 2015. Samþykkt samhljóða.

VP kom aftur inn á fund.

3. 1412002 – Álagning gjalda og gjaldskrár Reykhólahrepps 2015, síðari umræða.

Útsvar

Álagningargjaldstig útsvars á tekjur ársins 2015 er óbreytt frá fyrra ári 14,52%

Lagt fram álagningarákvæði fasteignaskatts fyrir árið 2015.

Álagningarákvæði helst óbreytt.

Fasteignaskattur A 0,50%

Fasteignaskattur B 1,32%

Fasteignaskattur C 1,65%

Gjalddagar fasteignagjalda eru fjórir, 10. mars, 10. apríl, 10. maí og 10. júní 2015, nema ef álagning minni en 10 þús. kr. er einn gjalddagi, 10. mars 2015, og ef álagning er 10.001 kr. til 20.000 kr. eru tveir gjalddagar, 10. mars og 10. apríl 2015. Sveitarstjórn veitir afslátt af fasteignagjöldum til elli- og örorkulífeyrisþega sem nemur 100% af fasteignagjöldum ef árstekjur fara ekki yfir 2.613.270 kr. hjá einstaklingum og 3.350.355 kr. hjá hjónum, er sá afsláttur aðeins veittur af einni íbúð hvers gjaldanda og þarf að hafa lögheimili í íbúðinni.

Álagningargjaldstig og álagningarákvæði fasteignaskatts fyrir árið 2014 samþykkt samhljóða.

Lagðar eru fram gjaldskrár fyrir þjónustu árið 2015.

3.1. Gjaldskrá Reykhólafnar.

Gjaldskránni vísað í afgreiðslu til skipulags- hafnar- og húsnæðisnefndar.

3.2. Gjaldskrá Vatnsveitu Reykhólahrepps.

Vatnsgjald helst óbreytt, 0,50% af heildarfasteignamati eignar, og innheimtist með fasteignaskatti, önnur gjöld hækka sem nemur breytingu á vísitölu byggingar-kostnaðar úr 119,3 í 120,8. Gjaldskráin samþykkt samhljóða.

3.3. Gjaldskrá Fráveitu Reykhólahrepps.

Fráveitugjald helst óbreytt, 0,20% af heildarfasteignamati eignar, og innheimtist með fasteignarskatti, önnur gjöld hækka sem nemur breytingu á vísitölu byggingar-kostnaðar úr 119,3 í 120,8. Gjaldskráin samþykkt samhljóða.

3.4. Gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs.

Gjaldskráin hækkar sem nemur breytingu á vísitölu neysluverðs á milli ára, úr 419 stigum í 421 stig. Gjaldskráin samþykkt samhljóða.

3.5. Gjaldskrá fyrir mótuneyti Reykhólahrepps.

Gjaldskráin hækkar sem nemur breytingu á vísitölu neysluverðs á milli ára, úr 419 stigum í 421 stig. Gjaldskráin samþykkt samhljóða.

3.6. Gjaldskrár vegna útleigu á húsnæði Reykhólaskóla.

Gjaldskránni vísað til endurskoðunar í mennta- og menningarmálanefnd. Samþykkt samhljóða.

3.7. Gjaldskrá fyrir leikskóladeild Reykhólaskóla.

Gjaldskráin hækkar sem nemur breytingu á vísitölu neysluverðs á milli ára, úr 419 stigum í 421 stig. Gjaldskráin samþykkt samhljóða.

3.8. Gjaldskrá Grettislaugar.

Gjaldskráin hækkar sem nemur breytingu á vísitölu neysluverðs á milli ára úr 419 stigum í 421stig. Gjaldskrána skal námunda við 50 kr. Gjaldskráin samþykkt samhljóða.

3.9. Gjaldskrá tjaldsvæðis við Grettislaug.

Gjaldskránni vísað til mennta- og menningarmálanefndar til afgreiðslu.

3.10. Gjaldskrá bókasafns Reykhólahrepps.

Gjaldskráin hækkar sem nemur breytingu á vísitölu neysluverðs á milli ára úr 419 stigum í 421 stig.

Sveitarstjóra falið að láta birta gjaldskrár vegna Reykhólafnar, vatnsveitu, fráveitu og meðhöndlun útgangs í B-deild Stjórnartíðinda. Allar gjaldskrár skulu birtar á vef sveitarfélagsins.

4. 1405002 – Viðauki við fjárhagsáætlun 2014.

Viðauki lagður fram á fundi.

Lagður er fram viðauki að fjárhagsáætlun 2014, um er að ræða framkvæmd við sjúkrakallkerfi Barmahlíðar. Samþykktur er viðauki að upphæð 5,2 millj. kr. til framkvæmda við Hjúkrunar- og dvalarheimilið Barmahlíð, fjármögnun felst í 3,1 millj. kr. styrk frá Framkvæmdasjóði aldraðra og 2,1 milljón af eigin fé stofnunarinnar. Samþykkt samhljóða.

5. 1311010 – Deiliskipulag við Reykhóla, útivistarsvæði og Sjávarböð.

Hellisbraut:

Skipulagssvæðið liggur við nyðri enda Hellisbrautar að Maríutröð í þéttbýlinu á Reykhólum.

Í deiliskipulagstillögunni er gert ráð fyrir tveimur 4 íbúða raðhúsalóðum ásamt 7 einbýlishúsalóðum með aðkomu frá Hellisbraut. Á skipulaginu eru afmörkuð 5 þegar byggð einbýlishús. Heildarstærð skipulagssvæðis er 2 ha að stærð. Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var auglýst eftir athugasemdum við tillögurnar.

Ein athugasemd barst á auglýsingartíma frá Óskari Leifi Arnarsyni fornleifafræðingi.

Brugðist verður við athugasemdinni. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna fyrir skipulagið fyrir Hellisbraut.

Þéttbýlið á Reykhólum, útivistarsvæði og Sjávarböð:

Skipulagssvæðið nær yfir stóran hluta af Langanesi og Tittlingastaðanesi sunnan byggðar Reykhóla, allt frá syðstu þéttbýlismörkum Reykhóla niður að sjó við Karlsey.

Heildarstærð skipulagssvæðisins er 324,11 hektarar.

Í deiliskipulagstillögunni er gert ráð fyrir að allt svæðið sé ætlað fyrir almenna útivist í sátt við umhverfið og náttúru svæðisins og einnig afmörkum á 10.000 m² lóð undir þjónustubyggingu Sjávarbaða, sem er skilgreind með takmörkuðu byggingarmagni.

Innan lóðarinnar má byggja þjónustubyggingu Þ1, smáhýsi G1-2, laugar og potta ásamt bílastæðum sem þjóna Sjávarböðunum. Lóðinni er annars vegar skipt upp í framkvæmdasvæði og hins vegar náttúrusvæði, þar sem byggingin markar skil milli þessara tveggja svæða.

Eftir framkvæmdir mun strandlengjan á Langanesi og Tittlingastaðanesi verða aðgengileg til almennrar útivistar í sátt við náttúruna. Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var auglýst eftir athugasemdum við tillögurnar. Engar athugasemdir bárust á auglýsingartíma.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna fyrir skipulagið með fyrirvara um gildistöku á breytingu á aðalskipulagi sem var auglýst samhljóða.

6. 1411017 – Frumvarp til laga um tekjustofna (afnám lágmarksútsvars), 29. mál.

Umsagnarbeiðni frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis dagsett 17. nóvember 2014.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps leggst alfarið gegn því að lágmarksútsvar verði afnumið og tekur að öðru leyti undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Samþykkt samhljóða.

7. 1412007 – Vatnslind neysluvatns í landi Miðhúsa.

Erindi frá Þorsteini Péturssyni hdl. f.h. Ólínu Kr. Jónsdóttur dagsett 5. desember 2014.

Í erindinu er óskað eftir fundi við sveitarfélagið varðandi vatnslind sveitarfélagsins í landi Miðhúsa. Sveitarstjóra og oddvita falið að funda með aðilum fyrir hönd sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.

Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin

ÁMG vikur af fundi.

8. 1412009 – Styrkur til Björgunarsveitarinnar.

Erindi frá Björgunarsveitinni dagsett 14. desember 2014, vegna flugeldasýningar um áramót og til að koma upp aðstöðu og tækjabúnaði.

Samþykkt að veita Björgunarsveitinni styrk að upphæð 200.000 kr. Samþykkt samhljóða.

ÁMG kemur aftur inn á fund.

9. 1412011 – Styrkbeiðni 2013.

Erindi frá stjórn Sögufélags Barðastrandarsýslu dagsett 4. des. 2013, vegna ársins 2014.

Sveitarstjórn hafnar erindinu að svo stöddu.

10. 1412010 – Ályktun um stöðu hjúkrunarfræðings við HVE í Reykhólahreppi.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps lýsir áhyggjum sínum yfir því að ekki hafi enn verið gengið frá samningi um ráðningu hjúkrunarfræðings við HVE á Reykhólum. Sveitarstjórn telur nauðsynlegt af öryggisástæðum og vegna landfræðilegrar legu sveitarfélagsins að hjúkrunarfræðingur sé staðsettur á Reykhólum og hvetur því stjórn HVE að ganga frá málum þannig að svo megi verða.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 20.40.

_____	_____
_____	_____
_____	_____